



## Akraneskaupstaður

Formaður húsfélags

Akranesi, 2. júlí 2024

heimilisfang

300 Akranes

### Efni: 2405299 - Fjöldi og gerð íláta hjá fjölbýlishúsum í 4 flokka úrgangskerfi

Stefnt er að því að taka upp sorphirða á 4 úrgangsflokkum frá heimilum á Akranesi í september næstkomandi. Þá þarf að vera búð að merkja eldri sorphlát og koma fyrir nýjum ílátum, í samræmi við þessa breytingu. Núna er verið er að undirbúa innkaup og dreifingu ílátanna.

Í fjölbýlishúsi ykkar þarf að ákveða fjölda og gerð íláta fyrir þessa 4 úrgangsflokka og koma þeim til ykkar. Samkvæmt okkar upplýsingum eru á lóð ykkar (allir stigagangar) eftirfarandi ílát (óháð lit eða merkingum):

240 ltr tunnur xx stk.

660 ltr kör xx stk.

Sé ílátunum raðað hlið við hlið (breidd 240 ltr er 0,60 m, 660 ltr er 1,28 m) ná þau xx metrum.

Tíðni sorphirðu á Akranesi verður þessi: Lífrænn og blandaður úrgangur á 2 vikna fresti, pappír og plast úrgangur á 3 vikna fresti. Í útreikningi er miðað við að magn úrgangs á viku frá hverri íbúð sé þessi: Lífrænn 15 ltr, blandaður 60 ltr, pappa 50 ltr og plast 40 ltr.

Í fjölbýlishúsinu eru xx íbúðir, og eftir tíðni sorphirðu þá reiknast að þið þurfið þetta rúmmál fyrir sorph af hverjum flokki (ltr):

Lífrænn xx ltr.

Blandaður xx ltr.

Pappi xx ltr.

Plast xx ltr.

Lífrænn úrgangur má ekki vera í stærri en 140 ltr tunnum og miðað við að 660 ltr ker séu notuð fyrir annan úrgang, þá er ykkur **úthlutaður** þessi fjöldi íláta og önnur ílát verða fjarlægð:

Lífrænn xx stk x 140 ltr tunnur

Blandaður xx stk x 660 ltr kör

Pappi xx stk x 660 ltr kör

Plast xx stk x 660 ltr kör

Sé ílátunum raðað hlið við hlið, ná þau xx metrum.

Þessa úthlutun þurfið þið að yfirfara, og skoða ýmis atriði, svo sem:

- Hvernig er hægt að koma þessi ílátum fyrir?
- Þarf að setja upp geymslu úti á lóðinni?
- Er pláss fyrir 240 ltr eða 360 ltr tunnur í stað 660 ltr kerja?
- Þarf að bæta við ílátum eða fækka frá reiknaðri úthlutun?

Komi í ljós síðar í haust eftir að reynsla er komin á breytt fyrirkomulag, að þið viljið gera breytingu á afhentum ílátum (bæta við eða fækka um 1 ílát í hverjum flokki), þá verður hægt að gera það **án kostnaðar til loka nóvember**. Umfangsmeiri breytingar þarf að greiða fyrir.

Ákvörðun um fyrirkomulag sorpílata á lóðinni er sameiginleg og samkvæmt lögum um fjöleignarhús þarf að taka hana sameiginlega. Tilkynning um afstöðu ykkar þarf að vera frá aðila sem er formaður húsfélagsins og með samþykki annara húseigenda í húsinu.

Verði það niðurstaða ykkar að fá annan fjölda eða aðra stærð íláta heldur en úthlutun segir, þá þurfum við að heyra frá ykkur við fyrsta tækifæri, í síðasta lagi **23. júlí 2024**. Einnig er óskað eftir staðfestingu ef þessi úthlutun hentar ykkur.

#### Samskipti:

Öll samskipti (fyrirspurnir, staðfesting, breyting) verða í gegnum netfangið **tunnur@akranes.is** eða með bréfi til Þjónustuvers Akraneskaupstaðar, Dalbraut 4, Akranesi.

#### Gjaldskrá:

Í dag er gjaldskráin fyrir sorphirðu (úrgangspjónustu) þannig að gjald er lagt á íbúðir og það innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldskránni verður breytt þannig að reiknað verður gjald **á hverja lóð** eftir fjölda og gerð íláta, mismunandi eftir úrgangsflokkum. Heildargjald hvernar lóðar verður síðan skipt jafnt milli íbúða og það innheimt með fasteignagjöldum eins og í dag.

Ný gjaldskrá tekur gildi um næstu áramót. Hæsta gjaldið verður fyrir losun á blönduðum úrgangi og svo lífrænum úrgangi, en vegna greiðsla frá Úrvinnslusjóði verður lægra gjald fyrir endurvinnsluefni (pappír og plast). Þetta fyrirkomulag á að hvetja til flokkunar úrgangs.

#### Kostnaðarskipting:

Heimilt er að ákveða aðra skiptingu á milli íbúða á kostnaði við úrgangspjónustu eftir að nýja gjaldskráin tekur gildi. Slíka ákvörðun þarf að taka formlega á bókuðum húsfundi, og koma henni á framfæri við bæjarfélagið með staðfestri yfirlýsingu um slíkt. Mælt er með að beðið verði með slíkar ákvarðanir að minnsta kosti í 1 ár, á meðan reynsla er að komast á breytt fyrirkomulag.

Virðingarfyllst,

Umhverfisstjóri Akraneskaupstaðar.